

# Hvað þarftu að vita ?

---

Upplýsingar til atvinnuleitenda



VINNUMÁLA  
STOFNUN

Fyrirmyndarþjónusta – Virðing – Áreiðanleiki





## Efni kynningar

---

- 1 Þjónustan okkar – Hvað er í boði ?
- 2 Atvinnuleit - réttindi og skyldur
- 3 Góð ráð í atvinnuleitinni

# 1

Þjónustan okkar-  
Hvað er í boði ?



VINNUMÁLA  
STOFNUN

Fyrirmyndarþjónusta – Virðing – Áreiðanleiki

# Vefsíða Vinnumálastofnunar

---

Vefsíða Vinnumálastofnunar er fyrsti viðkomustaðurinn þegar þú sækir um atvinnu og atvinnuleysisbætur.

Þar finnur þú allar upplýsingar varðandi atvinnuleitina og það sem mikilvægt er að vita.

Kynntu þér málið á [island.is](https://island.is).



# Mínar síður

	Forsíða	Rafræn skjöl	Umsóknir	Aðgerðir
<b>Umsóknir</b> Umsókn um atvinnuleysisbætur Umsókn vegna skertrar starfsgetu		<b>Stuðningur til greiðslu launa í Grindavík</b> 	<b>Skila gögnum</b> 	
<b>Tilkynna vinnu eða tekjur</b> 	<b>Breyta persónu-upplýsingum</b> 	<b>Tilkynna ferð erlendis</b> 		
<b>Skrá mig af atvinnuleysisbótum</b> 	<b>Bréf</b> 	<b>Laus störf</b>		



# Mínar síður atvinnuleitenda

---

Mínar síður eru þitt svæði hjá Vinnumálastofnun.

Þar getur þú meðal annars:

- › Sótt um atvinnu og atvinnuleysisbætur
- › Séð stöðu umsóknar í umsóknarferli
- › Sótt um auglýst störf af vef Vinnumálastofnunar
- › Skilað gögnum
- › Skoðað greiðsluseðla, bréf og svarað bréfum.
- › Tilkynnt vinnu og tekjur
- › Tilkynnt orlof
- › Breytt persónulegum upplýsingum
- › Skráð þig í atvinnuleit án umsóknar um bætur
- › Skráð þig af atvinnuleysisbótum



# Gögnum skilað á Mínum síðum

Skila gögnum 🇮🇸

Kennitala

Nafn

Tegund gagna 🇮🇸

- Velja - ▾

Lýsing á skjali / athugasemdir 🇮🇸

Viðhengi 🇮🇸

Velja skrá

Leyfðar skjalategundir: PDF, DOC, XLS, DOCX, XLSX, BMP, JPG, JPEG, GIF, PNG, TIF

Hámarksstærð skjals: 32 MB

Skila gögnum

# Rafrænn persónuafsláttur

---

- Eftir að atvinnuleitandi hefur sótt um atvinnuleysisbætur þarf hann að upplýsa Vinnumálastofnun um hvernig hann vill nýta rafræna persónuafslátt sinn.
- Hægt er að nálgast upplýsingar um nýttan persónuafslátt á þjónustusíðu RSK, [www.skattur.is](http://www.skattur.is).
- Ef breyta þarf persónuafslætti er hægt að fá samband við ráðgjafa gegnum netspjall Vinný. Netspjall við ráðgjafa er opið mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9:00 til 15:00 og föstudaga frá kl. 9:00 til 12:00.



# Ferilskrá – CV

Settu ferilskrána þína inn sem viðhengi á Mínum síðum.



Útskrá



Forsíða

Rafrenn skjöl

Umsóknir

**Aðgerðir**

Þínar upplýsingar og gögn - Personal information and documents

Hér getur þú breytt upplýsingum um þig á auðveldan hátt. Allar breytingar eru sjáanlegar í samskiptum.

+ Persónuupplýsingar - Personal information

- Ferilskrá og önnur skjöl – CV and other documents

Ferilskrá (CV)

Ferilskrá (CV)



Fylgibréf

Fylgibréf



Meðmælabréf

Meðmælabréf



Prófskríteini

Prófskríteini



Annað

Annað



Skráning í atvinnuleit án atvinnuleysisbóta

Skrá mig af atvinnuleysisbótum

Tilkynna um vinnu eða tekjur

Skila gögnum

Breyta persónuafslætti

Tilkynna orlof

Breyta persónuupplýsingum



Fyrirmyndarþjónusta – Virðing – Áreiðanleiki

## Ferilskrá

Sigríður Jónsdóttir

Kennitala 311181-5559  
Heimilisfang Hverfisgata 111, 101 Rvk  
Farsími 443-7979  
Netfang sigridur.jonsd81@gmail.com



### Starfsferill

- 2012 - 2016 **Landsþatalinn Háskólasjúkrahús**, mismunandi deildir  
Læknaritari
- 2010 - 2011 **Heilsugæsla Reykjavíkurborgar**  
Læknaritanemi
- 2005 - 2009 **Krakkaborg**  
Leiðbeinandi á leikskóla
- 2000 - 2004 **Hagkaup**  
Verslunarstjóri í fullu starfi og ýmis hlutastörf með námi

### Námsferill

- 2009 - 2011 **Fjölbraut í Ármúla**  
Læknaritarabraut, löggiltur læknaritari
- 1997 - 2001 **Fjölbraut í Breiðholti**  
Stúdentspróf af félagsfræðibraut

### Námskeið

- 2016 **NTV Grunnám í bókhaldi**  
2012 **Skyndihjálparnámskeið**  
2004 **Frónskunám í Frakklandi**

### Færni

Tungumál Íslenska móðurmál, góð færni í ensku, dönsku og frönsku.  
Tölvuþekking Góð almenn tölvukunnáttá á helstu tölvuforrit.

### Meðmæli

Eilísabet Jónsdóttir, mannaúðsvið Landspítalans. Sími 111-1111.  
Gunnar Pétursson, leikskólastjóri Krakkaborg. Sími 222-2222.

### Almennt um sjálfa mig

Ég er heiðarleg, stundvís, samvissusöm og vinn vel undir álagi. Á auðvelt með samskipti, óhrædd við að taka frumkvæði og er fljót að tileinka mér nýja hluti. Hef verið virk í félagsmálum í námi og störfum.  
Helstu áhugamál mín eru fjallgöngur, körfubolti og hönnun.

# Ráðgjöf og vinnumiðlun

---

Ráðgjafar Vinnumálastofnunar bjóða upp á fjölþætta ráðgjöf. Ráðgjöfin er ókeypis.

- Boðið er upp á:
  - › *Aðstoð við gerð ferilskrár, kynningarbréfs og undirbúning fyrir atvinnuviðtal.*
  - › *Aðstoð við að setja sér markmið í atvinnuleit*
  - › *Áhugasviðskannanir*
  - › *Leiðbeiningar varðandi náms- og starfsval og möguleikar skoðaðir á starfsþjálfunar- og námstækifærum.*
  - › *Aðstoð inn á vinnustað – Atvinna með stuðningi*
- Tímappantanir á vef Vinnumálastofnunar getur þú gert [hér](#). Hægt er að velja um tíma í almenna ráðgjöf eða panta tíma hjá ráðgjafa (sjá skáskot á glæru 34).
- Einnig má senda tölvupóst á netfangið [radgjafar@vmst.is](mailto:radgjafar@vmst.is) eða beint til viðkomandi þjónustuskrifstofu.

# Vinumarkaðsúrræðin

---

- **Markmið vinnumarkaðsúrræða er að:**
  - › Sporna gegn atvinnuleysi
  - › Auðvelda fólki að halda virkni
  - › Stuðla að tengslum við atvinnulífið
  - › Viðhalda og öðlast nýja færni/hæfni
- **Tegundir vinnumarkaðsúrræða:**
  - › **Starfstengd vinnumarkaðsúrræði**
    - › Ráðningarstyrkur, Nýsköpunarstyrkur og Frumkvæði
  - › **Námsúrræði**
    - › Námskeið, námsstyrkur og námssamningur.
  - › **Önnur úrræði**
    - › Sjálfbóðaliðastarf og atvinnutengd endurhæfing

Frekari upplýsingar á heimasíðunni: [Starfsþjálfun og nám](#)



# Nám og atvinnuleysisbætur

Almennt er **ekki heimilt að stunda nám samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta.**

Á því getur þó verið undantekning því **að uppfylltum ákveðnum skilyrðum getur verið heimilt að stunda nám samhliða atvinnuleit og greiðslu bóta.**

Slíkt nám atvinnuleitanda þarf að vera **samþykkt af Vinnumálastofnun** og uppfylla ákveðin skilyrði skv. reglugerð. Mikilvægt að ráðfæra sig við ráðgjafa VMST vegna náms samhliða atvinnuleit.

Vegna náms á framhaldsskólastigi samhliða virkri atvinnuleit þarf að gera námssamning við Vinnumálastofnun.

**Hámark 12 fein. á önn**

Vegna náms á háskólastigi samhliða virkri atvinnuleit er gerður námssamningur fyrir allt að **12 ECTS ein.**

Með fleiri einingum á misseri skerðast bætur um ákveðið hlutfall.

Nánari upplýsingar á vefsíðu Vinnumálastofnunar: [Námssamningar.](#)

# Námskeið og námsstyrkir

---

Vinnumálastofnun býður atvinnuleitendum að taka þátt í námstengdum vinnumarkaðsúrræðum.

Annars vegar er um að ræða námskeið sem Vinnumálastofnun skipuleggur og boðar á (skyldunámskeið).

Hins vegar er um að ræða ýmis **valnámskeið** sem eru í boði og atvinnuleitendur geta óskað eftir skráningu á.

Skilyrði er að námið **auki líkur á vinnu** og að umsækjandi sé kominn með staðfestan bótarétt.

Námsstyrkur er veittur til greiðslu **hluta námskeiðsgjalda** vegna annarra námskeiða en þeirra sem Vinnumálastofnun stendur fyrir (valnámskeið).

Námsstyrkur getur að hámarki verið **75% af námskeiðsgjaldi**, eða hæst **kr. 80.000 á ári**.

Nánari upplýsingar um námsstyrki á vefsíðu VMST: [Námsstyrkir](#)

# Atvinnuleit í Evrópu – Flutningur bótaréttar

---

## U-2 vottorð:

Veitir þeim sem eiga staðfestan rétt til atvinnuleysisbóta heimild til að leita að starfi erlendis í allt að þrjá mánuði á greiddum atvinnuleysisbótum frá Íslandi. Gildir aðeins um lönd innan Evrópu.

- » Afgreiðsla U-2 umsókna tekur 3-4 vikur
- » Nánari upplýsingar um U-2 [hér](#).

**EURES vefgáttin:** Upplýsingar um laus störf í Evrópu.

**EURES ráðgjöf:** Veittar upplýsingar um atvinnuleit í Evrópu. Hjá VMST starfa EURES ráðgjafar sem veita ráðgjöf og miðla í störf.

# EURES - Evrópsk vinnumiðlun The European Job Mobility Portal

Í vefgátt [EURES](#) er að finna mikið af gagnlegum upplýsingum varðandi atvinnuleit í öðrum Evrópulöndum.

European Commission > EURES > Home

English EN  Search

Home | News | Events | Statistics | Help and support | Links

For full access, please : [LOG IN](#) or register at EURES

Jobseekers Employers Living & Working Drop'in@EURES EURES Services

Advanced search

**x** Due to necessary maintenance work the EURES portal will not be available from **07/01/2020 13:00** to **07/01/2020 14:00** (Brussels time). We are sorry **x** Skip for the inconvenience.

EURES. The European Jobs Network.  
**Explore your European potential.**

- 3,446,457 Jobs on EURES today
- 101,088 CVs
- 15,215 Employers
- 1,003 EURES Advisers

[HOW CAN WE HELP YOU ?](#)

**I'm a Jobseeker.**

[SEARCH FOR A JOB](#)

You can also:

- Create EURES account
- Create your CV online
- Create your Skills Passport
- Search for youth opportunities
- Contact EURES Adviser
- What can EURES do for you?

**I'm an Employer.**

[FIND CANDIDATES](#)

You can also:

- Create EURES account
- Advertise a Job
- Search for Skills Passports
- Publish a youth opportunity
- Contact EURES Adviser
- What can EURES do for you?



# 2

## Atvinnuleit – Réttindi og skyldur





# Réttur til atvinnuleysisbóta

---

## Almenn skilyrði

- Launþegar á aldrinum 18-70 ára með búsetu og lögheimili á Íslandi.

## Virgni í atvinnuleit

- Atvinnuleitandi þarf að **vera staddur á landinu** og vera virkur í atvinnuleit til að eiga rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta skráða daga.
- Atvinnuleitandi þarf að **vera fær til flestra almennra starfa**. Skila þarf læknisvottorði ef vinnufærni er skert.
- Atvinnuleitandi þarf að **sýna frumkvæði í atvinnuleitinni** og vera **reiðubúinn að taka starfi á Íslandi** sem greitt er fyrir skv. lögum og kjarasamningum.
- Atvinnuleitandi þarf að hafa **vilja og getu til að taka þátt í úrræðum** samanber [lög um vinnumarkaðsaðgerðir](#).

# Pátttaka í úrræðum

---

- Atvinnuleitanda sem boðaður er á fund, námskeið eða í viðtal á vegum Vinnumálastofnunar ber að mæta sé hann boðaður.
- Á fundi, námskeið eða í viðtöl, sem boðuð eru á vegum Vinnumálastofnunar, er 100% mætingaskylda. Ef um forföll er að ræða er mikilvægt er að tilkynna það fyrirfram eða í síðasta lagi samdægurs ef ekki er mætt.
- Mál vegna fjarvista eru send Greiðslustofu til úrskurðar. Fjarvistir kunna að leiða til missis bótagreiðslna.



# Að staðfesta atvinnuleit á Mínum síðum atvinnuleitenda

VINNUMÁLA  
STOFNUN

Útskrá

Forsíða Rafraun skjal Umsóknir Aðgerðir

Smellið hér til að staðfesta atvinnuleit

### Staðfesting á atvinnuleit

Ég staðfesti atvinnuleit út júní

Ég hef sótt um vinnu á eftirfarandi stöðum frá seinustu staðfestingu:

Nafn fyrirtækis

Bæta við línu Eyða línu

Nauðsynlegt er að láta vita af öllum breytingum á högum þínum fyrirfram.

Pegar atvinnuleit hefur verið staðfest berst **tölvupóstur** um að skráning hafi tekist.

Berist tölvupóstur **ekki** er mikilvægt að **hafa strax samband** við þjónustuskrifstofu VMST eða hringja í þjónustuver.

# Útborgun atvinnuleysisbóta

---

Sjá nánar á  
vefsíðunni:

[Greiðslur  
atvinnuleysisbóta](#)

Atvinnuleysisbætur eru greiddar út  
**Síðasta virka dag** í hverjum mánuði.

Ef þú ert án vinnu og óskar eftir að  
vera skráður í leit að starfi þarftu að

**staðfesta atvinnuleit  
20.-25. hvers mánaðar**

Atvinnuleit er staðfest á

[Mínum síðum](#)



## Greitt er eftir á

fyrir tímabilið frá 1.-31. hvers  
mánaðar.

Dæmi: 1.mars er greitt fyrir  
febrúarmánuð.

Ef þú **gleymir** að staðfesta  
atvinnuleit á tímabilinu 20.-25. er  
opið fyrir að **staðfesta**  
**atvinnuleitina frá 26.-3. næsta**  
**mánaðar**. Sé það gert **seinkar**  
**greiðslum um 5 virka daga** frá því  
sem annars hefði verið.

Þeir sem ekki staðfesta atvinnuleit  
á þessum dögum verða **afskráðir**  
**úr atvinnuleit 4.næsta mánaðar**.

## Upphæðir atvinnuleysisbóta

---

Sjá nánar á  
vefsíðunni:

### Upphæðir atvinnuleysisbóta.

Grunnatvinnuleysisbætur eru  
**kr. 364.895**  
á mánuði miðað við 100% bótarétt.

Hámark tekjutengdra  
atvinnuleysisbóta er  
**kr. 575.246** á mánuði miðað við  
100% bótarétt.

Tekjutengingin tekur gildi eftir tvær fyrstu vikurnar á  
skrá og gildir í þrjá mánuði, en aðeins í upphafi  
bótatímabils.

Greiddar eru **kr. 14.596** á mánuði  
vegna framfæris barns sem er  
yngra en 18 ára hjá þeim sem fá  
greiddar grunnbætur.

Sú greiðsla er óháð hlutfalli  
bótaréttar og ræðst einungis af  
fjölda barna á framfæri.

Bótatímabilið er **30 mánuðir**  
sem þýðir að atvinnuleitandi  
getur að hámarki fengið  
atvinnuleysisbætur greiddar í 2,5  
ár ef hann þarf á því að halda.

# Upplýsingaskylda – Tilkynntu fyrirfram !

- Nauðsynlegt er að tilkynna um breytingar á högum sem varða atvinnuleitina. Flestar tilkynningar um breytingar er hægt að framkvæma á [Mínum síðum atvinnuleitenda](#).
- Þú þarft að tilkynna um breytingar sem varða:
  - › **Netfang og símanúmer**
  - › **Heimilisfang** ef þú flytur milli þjónustusvæða og óskar eftir breytingu á þjónustuskrifstofu
  - › **Vinnu** (t.d. tilfallandi vinnu, verktakavinnu, hlutastarf og fullt starf)
  - › **Tekjur** (Tilkynna þarf um allar tekjur og styrki til VMST skráða daga)
  - › **Umsókn um námssamning** vegna náms samhliða atvinnuleit.
  - › **Orlof og utanlandsferðir**
    - › Atvinnuleysisbætur er ekki greiddar þegar dvalið er erlendis skráða daga.
    - › Tilkynna þarf um dvöl erlendis fyrir brottför á Mínum síðum atvinnuleitenda.
  - › **Veikindi** sem hindra virka atvinnuleit.
    - › 5 daga greidd veikindi á 12 mán tímabili (eftir 5 mánuði af bótatímabili).
  - › **Vinnufærni** (Skert vinnufærni eða óvinnufærni)

**Ef ekki er tilkynnt um breytingar á högum þá getur það leitt til viðurlaga/biðtíma.**



# Hvað getur valdið biðtíma/viðurlögum?

---

- Biðtími og synjun eru þau viðurlög sem Vinnumálastofnun getur gripið til ef skilyrði laga um atvinnuleysistryggingar eru ekki uppfyllt.
- Biðtími er tímabilið þar sem atvinnuleitandi er skráður í virka atvinnuleit en fær ekki greiddar atvinnuleysisbætur.
- Til að biðtími telji þarf atvinnuleitandi að staðfesta atvinnuleitina mánaðarlega og vera virkur í atvinnuleitinni.
- Málum er vísað til Greiðslustofu atvinnuleysistrygginga til úrskurðar. Kallað er eftir skýringum atvinnuleitanda áður en úrskurðað er.
- Frekari upplýsingar um ástæður viðurlaga og biðtíma má lesa á heimasíðu Vinnumálastofnunar:

[Upplýsingar um biðtíma og viðurlög á vefsíðunni.](#)

# Ótilkynnt vinna

---

Þeir einstaklingar sem eru skráðir í atvinnuleit og fá greiddar atvinnuleysisbætur en láta hjá líða að tilkynna um vinnu og/eða tekjur samhliða atvinnuleit geta átt von á viðurlögum vegna þess.










Sá sem tekur að sér vinnu, hvort heldur er sem launamaður eða verktaki, án þess að tilkynna það til Vinnumálastofnunar á ekki rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta að nýju fyrr en hann hefur starfað í a.m.k. 6 mánuði á Íslandi.





# Tilkynntu vinnu, tekjur og styrki inni á Mínum síðum

- Þú þarft að upplýsa um ALLA vinnu fyrirfram ef þú ert skráður í atvinnuleit.
- Þú þarft að upplýsa um allar tekjur, greiðslur og styrki þá daga sem þú ert skráður í atvinnuleit.

Forsíða	Rafræn skjöl	Umsóknir	Aðgerðir
Tilkynna um vinnu eða tekjur 			Leiðbeiningamyndband
Nauðsynlegt er að tilkynna Vinnumálastofnun um <b>alla launaða vinnu</b> og <b>allar tekjur</b> sem atvinnuleitandi hefur. <b>Tilkynna þarf vinnu með að minnsta kosti dags fyrirvara.</b> Ekki er gerð krafa um að skila launaseðli vegna tilfallandi vinnu eða hlutastarfa.			Skráning í atvinnuleit án atvinnuleysisbóta Skrá mig af atvinnuleysisbótum Tilkynna um vinnu eða tekjur Skila gögnum Breyta persónuafslætti Tilkynna orlof Breyta persónuupplýsingum
+ Tilkynna um tilfallandi vinnu (launþegavinnu) 			
+ Tilkynna um hlutastarf 			
+ Tilkynna um verktakavinnu 			
+ Tilkynna um greiðslur úr lífeyrissjóði 			
+ Tilkynna um fjármagnstekjur 			
+ Tilkynna um tekjur frá Tryggingastofnun 			
+ Tilkynna um fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi 			
+ Tilkynna um aðrar tekjur 			

# Dæmi

## Skráning í hlutastarf

### 🇮🇸 Tilkynna um hlutastarf 🇮🇸

Hlutastarf er starf í minna en 100% starfshlutfalli sem varir lengur en einn mánuð. Hægt er að vera áfram skráður í atvinnuleit á móti hlutastarfinu og fá greiddar atvinnuleysisbætur (fer eftir einstaklingsbundnum bótarétti).

Skráðu tekjur á mánuði fyrir skatt og hvenær þú byrjar að vinna. Ef starfshlutfall breytist eða ef þú hættir í hlutastarfi þarftu að tilkynna það til Vinnumálastofnunar og skila inn staðfestingu starfstímabils frá vinnuveitanda, að öðrum kosti er gert ráð fyrir því að hlutastarfið haldist óbreytt milli mánaða.



Kennitala fyrirtækis

Nafn fyrirtækis

Starfshlutfall

Vinnutími

Upphaf starfs

Áætlaðar tekjur á mánuði (fyrir skatt)

Bæta við línu

Senda tilkynningu

# Dæmi

## Skráning á tilfallandi vinnu

### – Tilkynna um tilfallandi vinnu (launþegavinnu) 🇮🇸

Með tilfallandi vinnu er átt við vinnu sem kann að bjóðast í stuttan tíma og/eða er óregluleg. Nauðsynlegt er að tilkynna um alla tilfallandi vinnu jafnvel þótt þú hafir áður tilkynnt um slíka vinnu hjá sama atvinnurekanda. Nauðsynlegt er að skrá rétta daga. Ekki er gerð krafa um launaseðil.



Kennitala fyrirtækis	Nafn fyrirtækis	Dagsetning frá	Dagsetning til	Áætluð upphæð (fyrir skatt)
<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>

Bæta við línu

Senda tilkynningu

# Tilfallandi tekjur samhliða skráningu í atvinnuleit

---

Heimilt er að hafa tekjur fyrir tilfallandi vinnu allt að **kr. 89817 á mánuði** án þess að það skerði upphæð greiddra atvinnuleysisbóta (frítekjumark).

## Dæmi:

Heildartekjur	kr. 99.817
Frítekjumark	kr. 89.817
Tekjur umfram frítekjumark	kr. 10.000

Helmingur þeirra tekna sem eru umfram frítekjumarkið mynda frádrátt í útreikningi á greiðslu bóta síðar. Frádráttur vegna tekna í þessu dæmi væri þá kr. 5.000.-

Mikilvægt er að tilkynna um alla vinnu fyrirfram þá daga sem atvinnuleitandi er skráður í atvinnuleit og áætla tekjur fyrir vinnuna. Þetta er gert í gegnum Mínar síður.

Það borgar sig alltaf að vinna!



# Verktakavinna – Sjálfstætt starfandi

---

## Verktakavinna

Þeim sem býðst vinna sem verktakar á eigin kennitölu verða að skrá sig ekki atvinnulausa meðan á verkefni/vinnu stendur. Tilkynna þarf um verktakavinnu fyrirfram á Mínum síðum. (Aðgerðir/Tilkynna um vinnu og tekjur/Tilkynna verktakavinnu).

## Sjálfstætt starfandi

- Einstaklingur hefur ekki heimild til að vera með sjálfstæðan rekstur og fá greiddar atvinnuleysisbætur samhliða.
- Ekki er heimilt að opna launagreiðendaskrá samhliða því að fá greiddar atvinnuleysisbætur.



# Styrkir og afsláttarkjör

---

## Stéttarfélög

þjóða fjölbreytta þjónustu þeim félagsmönnum sínum, sem hafa misst vinnu og fá greiddar atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun. Atvinnuleitendur hafa val um það hvort þeir halda áfram að greiða félagsgjald í sitt stéttarfélag eftir að þeir hætta störfum og skrá sig í atvinnuleit. Með áframhaldandi greiðslu félagsgjalds er áunnum réttindum viðhaldið.

## Búferlastyrkur

Heimilt er að veita styrk vegna búferlaflutnings innanlands frá lögheimili til þess staðar sem lögheimili er flutt í því skyni að sækja vinnu hjá nýjum atvinnurekanda sem hefur sannanlega boðið fastráðningu í starf. Með umsókninni þurfa að fylgja reikningar fyrir útlögðum kostnaði.



# 3

Góð ráð  
í atvinnuleitinni



# Góð ráð í atvinnuleit

---

- Settu þér markmið í atvinnuleitinni.
- Fylgdu markmiðunum eftir með því að skrá niður það sem þú gerir í atvinnuleit, t.d. umsóknir og fyrirspurnir.
- Mikilvægt að vera virkur í atvinnuleitinni frá fyrsta degi sem þú ert án vinnu.
- Mættu á staðinn til að ræða við þann sem sér um að ráða í störf í fyrirtækinu.
- Ferilskrá og kynningarbréf eru mikilvæg verkfæri í atvinnuleit. Nánari upplýsingar varðandi ferilskrárgerð er m.a. að finna á vefsíðu Vinnumálastofnunar [Ferilskrá og kynningarbréf](#).
- Eftirfylgni með innsendum umsóknum er mikilvæg. Sendu tölvupóst til að athuga stöðuna.
- Vertu á skrá hjá ráðningaráðgjöfustum á þínu svæði.
- Virkjaðu tengslanetið þitt og samfélagsmiðla í atvinnuleitinni.



# Hvar finn ég laus störf?

---


Upplýsingar um laus störf má m.a. finna á eftirtöldum stöðum:

- Vefsíða Vinnumálastofnunar – [Störf í boði](#)
- Ráðningarstofur, vinnumiðlanir, stofnanir ofl. – [Aðrar vinnumiðlanir](#)
- Evrópsk vinnumiðlun - [Vefgátt EURES](#)
- Alfreð (app)
- Helgardagblöð og héraðsfréttablöð
- Vefsíður sveitarfélaga
- Vefsíður fyrirtækja
- Samfélagsmiðlar og tengslanet



# Aðstoð við atvinnuleit

- Minnum á að á þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar vítt og breitt um landið eru starfsmenn tilbúnir að aðstoða í atvinnuleitinni.
- Á vef Vinnumálastofnunar á island.is svarar snjallmennið Vinný almennum spurningum.



- Sími: 515-4800 (þjónustuver) mán. - fim. kl. 9-15 og fös. kl. 9-13
- [Þjónustuskrifstofur](#) um allt land
- Einnig er hægt er bóka símaviðtal í almenna ráðgjöf eða hjá náms- og starfsráðgjafa í gegnum vef Vinnumálastofnunar [hér](#).